



# Stefna stjórnvalda í málefnum landamæra 2019-2023

Landsáætlun um  
sambætta landamæra-  
stjórn

**Útgefandi:**

Dómsmálaráðuneytið

Október 2019

dmr@dmr.is

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

# Efnisyfirlit

|                                                                                                                                                                                                    |           |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Samantekt.....</b>                                                                                                                                                                              | <b>4</b>  |
| <b>1. Inngangur – staðbundnir þættir og einkenni landamæra Íslands.....</b>                                                                                                                        | <b>6</b>  |
| <b>2. Landsáætlun um sampætta landamærastjórn.....</b>                                                                                                                                             | <b>8</b>  |
| <b>3. Landamæravarsla.....</b>                                                                                                                                                                     | <b>10</b> |
| 3.2 Landamæragæsla.....                                                                                                                                                                            | 11        |
| 3.3 Landamæraeftirlit.....                                                                                                                                                                         | 12        |
| 3.3.1 Flugvellir.....                                                                                                                                                                              | 12        |
| 3.3.2 Landamæri á sjó.....                                                                                                                                                                         | 13        |
| 3.4 Aðgerðir gegn afbrotum sem ná yfir landamæri.....                                                                                                                                              | 14        |
| 3.5 Umsóknir um alþjóðlega vernd.....                                                                                                                                                              | 15        |
| <b>4. Leit og björgun.....</b>                                                                                                                                                                     | <b>16</b> |
| <b>5. Áhættugreiningar .....</b>                                                                                                                                                                   | <b>18</b> |
| <b>6. Samstarf við aðildarríki Schengen og stofnanir innan Evrópusambandsins með aðkomu og í samvinnu við Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex).....</b>                               | <b>20</b> |
| <b>7. Samstarf milli stofnanna innanlands.....</b>                                                                                                                                                 | <b>23</b> |
| <b>8. Samstarf við þriðju ríki. ....</b>                                                                                                                                                           | <b>25</b> |
| <b>9. Aðgerðir innan svæðis sem miða að því að sporna gegn ólögmætri för fólks yfir landamæri, ólögmætri dvöl fólks á Schengen svæðinu og aðgerðir gegn afbrotum sem ná þvert á landamæri.....</b> | <b>26</b> |
| <b>10. Framkvæmd brottvísana og frávísana útlendinga í ólögmætri dvöl þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin af stjórnvöldum.....</b>                                                           | <b>29</b> |
| <b>11. Notkun á nýjustu tækni, þ. á m. umfangsmiklum upplýsingakerfum.....</b>                                                                                                                     | <b>31</b> |
| 11.1 Entry/Exit kerfið, ETIAS kerfið og samhæfing kerfa.....                                                                                                                                       | 32        |
| 11.2 Breytingar á núverandi kerfum Schengen samstarfsins.....                                                                                                                                      | 32        |
| 11.3 Lífkennakerfi lögreglu (ABIS).....                                                                                                                                                            | 32        |
| 11.4 Farþegalistakerfi.....                                                                                                                                                                        | 33        |
| 11.5 Sjálfvirknivæðing landamæraeftirlits og ný tækni.....                                                                                                                                         | 33        |
| <b>12. Gæðastjórnun og gæðaeftirlit. ....</b>                                                                                                                                                      | <b>35</b> |
| <b>13. Fjármögnun verkefna og nýting styrkja.....</b>                                                                                                                                              | <b>37</b> |
| <b>14. Þverfaglegir áherslubættir. ....</b>                                                                                                                                                        | <b>39</b> |
| 14.1 Grundvallarmannréttindi.....                                                                                                                                                                  | 39        |
| 14.2 Menntun og þjálfun.....                                                                                                                                                                       | 40        |
| 14.3 Rannsóknir og nýsköpun.....                                                                                                                                                                   | 41        |

## Samantekt

Stefnu þessari er ætlað að afmarka umfang og skilgreina verkefni þeirra stjórvalda sem koma að málefnum landamæra. Er þar bæði átt við stefnumótun, skipulag verkefna og framkvæmd þeirra. Stefnunni er jafnframt ætlað að innleiða samþætta landamærastjórn hér á landi en Íslandi er skylt að innleiða sérstaka áætlun um samþætta landamærastjórn á grundvelli Schengen samstarfsins. Byggir sú skylda á 3. gr. reglugerðar nr. EU 2016/1624 um Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex). Megin inntak áætlunar um samþætta landamærastjórn sbr. 4. gr. reglugerðarinnar er að samhæfa framkvæmd þeirra aðila sem koma að þessum málaflokki, auka samstarf, efla aðgerðir til að sporna við afbrotum innan svæðis og þvert á landamæri og nýta betur þá tækni sem er fyrir hendi auk annarra þátta. Kaflaskipting stefnunnar tekur mið af framangreindum markmiðum. Með því að gera helstu markmiðum skil næst heildstæð mynd af málaflokknum. Slík yfirferð og greining hefur jafnframt það markmið að styrkja burði íslenskra stjórvalda til að takast á við þau verkefni og tryggja allsherjarreglu og almannaoryggi.

Við móturn stefnunnar var sérstaða Íslands höfð að leiðarljósi. Ísland er eyríki sem er landfræðilega fjarri meginlandi Evrópu. Íslendingar eru fámenn þjóð og þarf í öllum aðgerðum að huga mjög að hagkvæmni og skilvirkni.

Samhliða stefnunni er lögð fram aðgerðaáætlun til 5 ára til að hrinda markmiðum stefnunnar í framkvæmd. Landsáætlun í málefnum landamæra er ætlað að tryggja virkni, samræmingu og hagkvæmni í nýtingu starfskrafta og fjármuna sem varið er til málafloksins.

Tillögur að aðgerðum í aðgerðaáætluninni eru sömuleiðis unnar með sérstöðu Íslands í huga og lúta m.a. að eflingu löggæslu í landinu sem tryggir öryggi borgaranna. Landsáætlunin og aðgerðaáætlunin eru til þess fallnar að treysta almannaoryggi hér á landi með skipulagðri áhættugreiningu á umferð um landamærin og vöktun lögsögunnar.

Stefna þessi er unnin af embætti ríkislöggreglustjóra, að beiðni dómsmálaráðuneytisins, í samvinnu við önnur lögregluembætti, utanríkisráðuneyti, Útlendingastofnun, Landhelgisgæslu Íslands og Tollstjóra. Auk þess var stefnan lögð fyrir stýrihóp forstöðumanna stofnana í málefnum landamæra sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna í þessum málaflokki.

### Framtíðarsýn og markmið stjórvalda í málefnum landamæra.

Til lengri tíma litið er stefnan í málefnum landamæra að styrkja burði íslenskra stjórvalda til að takast á við þau verkefni sem samþætt landamærastjórnun felur í sér með því að auka samþættingu og samstarf stofnana bæði innanlands og erlendis.

Markmið stjórnvalda í málefnum landamæra er að tryggja allsherjarreglu og almannaoryggi gagnvart ógnum með markvissum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda við framkvæmd landamæraeftirlits og landamæragæslu.

## 1. Inngangur – staðbundnir þættir og einkenni landamæra Íslands.

Landamæri Íslands eru mörk þess landssvæðis og hafs sem afmarkast af 12 sjómílna landhelgi sem telst til íslenska ríkisins hvort sem er í lofti eða á sjó. Þær reglur sem gilda um för yfir landamæri fara eftir því hvort um för yfir innri eða ytri landamæri er að ræða en þær reglur má finna í reglugerð nr. 866/2017 um för yfir landamæri sem eru sameiginlegar reglur Schengen ríkjanna um umferð um landamæri. Strandlengja Íslands er 4.970 km að lengd. Ísland hefur skilgreint 30 hafnir sem landamærastöðvar og alls 4 flugvelli.

Framkvæmd og skipulag landamæramálefna í hverju ríki fyrir sig eru mótuð og taka mið af nokkrum grundvallarþáttum, m.a. landfræðilegri legu, aðkomuleiðum, efnahag og þrýsti- og togkröftum (e. *push and pull factors*). Veigamestu breytingar á landamæravörslu hér á landi seinustu misseri voru þegar Ísland hóf þáttöku í Schengen-samstarfinu 25. mars árið 2001 samhliða Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Frá árinu 2001 hefur Schengen-samstarfið vaxið og breyst umtalsvert. Þáttökuríkjum hefur ekki einungis fjölgað, sem gerir Schengen-svæðið mun stærra en upphaflega, heldur hefur regluverkið í kringum samstarfið stækkað og verður sífellt umfangsmeira. Þetta á ekki hvað síst við um þróun mála undanfarin 3 ár í kjölfar þeirrar gríðarlegu aukningar sem varð á straumi flóttamanna til Evrópu á árinu 2015 og aukinnar öryggisógnar vegna endurtekinna hryðjuverkaárása í þáttökuríkjum samstarfsins. Þessum áskorunum hefur þurft að mæta með breytingum á gildandi löggjöf sem og með setningu nýrra reglna um fjölmörg atriði.<sup>1</sup>

Fjölgun erlendra ferðamanna sem koma til landsins samfara auknu millilandaflugi og fjölgunar á komum farþega með skemmtiferðaskipum hefur verið ein mesta áskorun löggæslunnar sem og samfélagsins í heild. Hefur vöxturinn frá árinu 2013 verið án fordæma á alla mælikvarða. Þeir mælikvarðar sem mæla álag á landmærum Íslands sýna að aukið álag hefur fylgt bættum samgöngum til landsins. Vísbendingar eru um að tilvikum hafi fjölgað á liðnum árum er tengjast glæpum sem ná yfir landamæri, t.d. smygli á fólk, mansali og innflutningi fíkniefna. Þá hefur tilvikum fjölgað þar sem einstaklingar sem fara um landamærin framvísa fölsuðum skilríkjum, skilríkjum annars manns eða eru án ferðaskilríkja. Auk þess hefur fjöldi þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd margfaldast á stuttum tíma. Fyrirliggjandi farþegaspár fyrir 2019 gera ráð fyrir því að í fyrsta skipti frá árinu 2011 muni ferðamönnum sem koma til landsins fækka

---

<sup>1</sup> Sjá nánar um samstarfið og verkefnin í skýrslu dómsmálaráðherra um Schengen samstarfið sem lögð var fram á 149. löggjafarþingi 2018-2019; <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9a9b9c79-3431-11e9-9436-005056bc4d74>

en auk þess er gert ráð fyrir því að farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll, svokölluðum skiptifarþegum, fækki einnig á milli ára.

Samfara framangreindri þróun hafa íslensk stjórnvöld staðið frammi fyrir stórauknum verkefnum vegna eftirlits með löglegri umferð um landamæri (fólk og vörur) og dvöl í landinu. Hefur álag aukist verulega á Útlendingastofnun í tengslum við afgreiðslu á umsóknum um alþjóðlega vernd, afgreiðslu dvalarleyfa og útgáfu vegabréfsáritana. Umsóknum um vegabréfaáritanir hefur jafnframt fjölgað verulega í sendiráðum fyrirsvarsríkja fyrir útgáfu áritana fyrir hönd Íslands sem og í sendiráðum Íslands í Peking og Moskvu. Til að mæta þeim áskorunum hefur Utanríkisráðuneytið m.a. sett á laggirnar sérstaka deild sem er ætlað að fjarvinna umsóknir um áritanir með því að innleiða rafrænt umsóknarferli með það að markmiði að léttu á lagi á öðrum ríkjum sem hafa verið í fyrirsvari fyrir Ísland við útgáfu áritana.

Þær örú breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum hafa leitt af sér fjölmargar áskoranir. Þá liggur fyrir að þær breytingar, sem leiða af þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu og varða bæði ytri og innri þætti, gera ríkari kröfur til íslenskra stjórnvalda en áður. Stefnu Íslands um samþætta landamærastjórn er ætlað að mæta þeim áskorunum með markvissum aðgerðum. Áætlunin er samtvinnuð öðrum þáttum löggæslu- og öryggismála, bæði er varðar innri og ytri þætti.

Þegar kemur að málefnum landamæra eru fjölmargar stofnanir og aðilar sem bera ábyrgð á málauflokknum, en löggreglan ber ábyrgð á og annast framkvæmd landamæraeftirlits, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri. Mikilvægt er að tryggja samhæfða framkvæmd allra þessara aðila með hlíðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum svo afgreiðsla og umferð um landamæri sé skilvirk, öryggi borgaranna sé sem best tryggt og um leið traust borgaranna á stjórnvöld. Slík samhæfing er megin inntak samþættrar landamærastjórnar (e. *Intergrated Border Management*) eins og hún er skilgreind samkvæmt reglum Schengen samstarfsins.

Stefnu þessari er ætlað að innleiða hér á landi samþætta landamærastjórn sem miðar að því að bæta þverfaglega þekkingu, innleiða samhæfða framkvæmd og stuðla að samstarfi allra hlutaðeigandi ábyrgðaraðila í málefnum landamæra. Landamæradeild ríkislöggreglustjóra, sem sett var á laggirnar 1. janúar 2019, mun gegna hlutverki samræmingaraðila við innleiðingu stefnunnar fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, auk þess sem fulltrúi deildarinnar hefur verið tilnefndur til setu í nefnd háttsettra embættismanna í ráðgefandi vinnuhópi á vegum Frontex um innleiðingu á evrópsku stefnunni um samþætta landamærastjórn (e. *High Level Working Group (HL-IBM- WG9)*).

## 2. Landsáætlun um sampætta landamærastjórn.

Undirbúningsvinna stefnu þessarar skiptist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi var gerð stöðuskýrsla um mállefni landamæra sem byggir m.a. á áhættugreiningarskýrslu greiningardeildar frá árinu 2017. Í öðru lagi var áætlun Evrópusambandsins og Frontex um sampætta landamærastjórnun greind með hliðsjón af sérstöðu Íslands. Í þriðja lagi fór fram greining og yfirferð á þeim athugasemendum sem Ísland fékk í kjölfar Schengen úttektar sem fram fór hér á landi í febrúar og mars 2017. Niðurstaða landamærahluða úttektarinnar var að alvarlegir veikleikar væru taldir vera við skipulag og framkvæmd landamæravörslu á Íslandi en veikleikamat Frontex var að megin stefnu samhljóða niðurstöðum úttektarinnar. Alls voru úttektarbættirnir sex en í stefnunni verður einungis vikið að þeim þætti sem lýtur að landamærum. Stefna þessi og aðgerðaráætlun munu því að miklu leyti endurspeglu þær aðgerðir sem stjórnvöld munu fara í og hafa þegar ráðist í til að mæta þeim athugasemendum sem fram komu í úttektinni.

Reglugerð nr. EU 2016/1624 um nýja Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex) tók gildi 6. október 2016 (hér eftir nefnd Frontex reglugerðin) en með gerðinni er í fyrsta skipti kveðið á um lagalega skyldu Schengen ríkjanna til að innleiða áætlun um sampætta landamærastjórn. Reglugerðin leysti af hólmi eldri reglugerð um Landamærastofnun Evrópu (Frontex) sem starfað hefur í umboði og samvinnu við Schengen ríki á ytri landamærum svæðisins frá árinu 2004. Með reglugerðinni er gert ráð fyrir frekari samræmingu á landamæraeftirliti og sameiginlegri ábyrgð stofnunarinnar og aðildarríkjanna. Þá fékk stofnunin víðtækara hlutverk og valdheimildir. Reglugerðin var sett sem liður í aðgerðum Evrópusambandsins sem tryggja eiga öryggi landmæra og sem viðbrögð við flóttamannakrísunni og aukinni öryggisógn vegna hryðjuverka í Evrópu. Reglugerðin telst þróun á Schengen samstarfinu og er þannig skuldbindandi fyrir Ísland.

Í reglugerðinni er að finna fyrirmæli um til hvaða atriða ríkin beri að líta við gerð áætlunar um sampætta landamærastjórn en Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt fram stefnumarkandi skjal þar sem lagðar eru fram þær áherslur sem eiga að endurspeglast í landsáætlunum samstarfsríkjanna.<sup>2</sup> Auk þess gaf Frontex út evrópska tækni- og aðgerðamiðaða áætlun um sampætta landamærastjórn þann 27. mars 2019 sem ríkin þurfa einnig að taka mið af. Sampætt áætlun Evrópusambandsins byggir á fjögurra stiga stjórnunarlíkani sem samanstendur af eftifarandi fjórum þáttum; aðgerðum í

---

<sup>2</sup> (Communication 14.03.2018 COM (2018) 250 Final) Sjá: [https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/european-agenda-migration/20180314\\_annex-6-progress-report-european-agenda-migration\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/european-agenda-migration/20180314_annex-6-progress-report-european-agenda-migration_en.pdf)

þriðju ríkjum, samstarf við nærliggjandi lönd, landamæravörslu og aðgerðum innan Schengen svæðisins, þ.m.t brott- og frávísanir útlendinga í ólögmætri dvöl.

Áætlun eða stefna um sampætta landamærastjórn á að byggja á sérstökum aðstæðum og áskorunun í hverju ríki fyrir sig en slík áætlun á jafnframt að innihalda eftirfarandi þætti sem byggja á 4 gr. nefndrar reglugerðar:

- a) Landamæravarsla.
- b) Leit og björgun.
- c) Áhættugreining.
- d) Samstarf við aðildarríki Schengen og stofnanir innan Evrópusambandsins með aðkomu og í samvinnu við Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex).
- e) Samstarf við stofnanir innanlands.
- f) Samstarf við þriðju ríki.
- g) Aðgerðir innan svæðis sem miða að því að sporna við ólögmætri för fólks yfir landamæri, ólögmætri dvöl fólks á Schengen svæðinu og aðgerðir gegn afbrotum sem ná þvert á landamæri.
- h) Framkvæmd brottvísana og frávísana útlendinga í ólögmætri dvöl þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin af stjórnvöldum.
- i) Þróun og notkun á nýjustu tækni, þ. á m. innleiðing nýrra Schengen upplýsingakerfa.
- j) Gæðastjórnun og gæðaeftirlit.
- k) Fjármögnun verkefna og nýting styrkja sem Evrópusambandið leggur til í málaflokknum.

Auk þess eru þrjú áhersluatriði sem varða þverfaglega þætti en þeir eru eftirfarandi, alþjóðleg vernd, menntun og þjálfun og rannsóknir og nýsköpun. Kaflaskipting stefnunnar mun jafnframt taka mið af þessum áhersluatriðum.

### 3. Landamæravarsla.

Markmið stjórvalda er að tryggja allsherjarreglu og almannaoryggi gagnvart ógnum með markvissum og samhæfðum aðgerðum við framkvæmd landamæravörslu á ytri landamærum og með markvissum aðgerðum innan svæðis. Það er mikilvægt að aðgerðir stjórvalda í baráttunni gegn smygli á fólk, mansali, skipulagðri brotastarfsemi þvert á landamæri og hryðjuverkaógn séu samhæfðar og skilvirkar til að tryggja öryggi landamæra sem og öryggi innan svæðisins. Á sama tíma þarf sérstaklega að huga að þeim einstaklingum sem eru í viðkvæmri stöðu og tryggja að grundvallar mannréttindi séu virt í hvívetna.

Landamæravarsla er sú starfsemi sem fram fer á landamærum vegna farar eða fyrirhugaðrar farar yfir landamærin og felur í sér landamæraeftirlit og landamæragæslu. Nánar verður vikið að landamæraeftirliti og landamæragæslu í kafla 3.1. og 3.2.

Fjölgun ferðamanna síðustu ár hefur valdið auknu álagi við landamæravörslu, bæði vegna flugs og komu skemmtiferðaskipa. Árið 2018 fjlgaði farþegum um 12% en heildarfærþegafjöldi var um 9,8 milljónir. Þrátt fyrir að farþegaspá fyrir árið 2019 geri ráð fyrir 25,6% fækku farþega er ljóst að stjórnvöld standa frammi fyrir krefjandi verkefni til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru á vettvangi Schengen samstarfsins. Á síðustu árum hefur einnig orðið aukning í þeim fjölda sem ferðast til landsins og fellur undir óhefðbundna fólksflutninga sem og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þessi þróun hefur leitt til þess að fyrstu skref hafa verið stigin við gerð viðbúnaðaráætlunar til að bregðast við skyndilegri fjölgun einstaklinga sem falla undir óreglulega fólksflutninga. Þeirri vinnu er ekki lokið en löggregla vinnur nú að slíkri áætlanagerð í samvinnu við Útlendingastofnun.

Ríkislöggreglustjóri fer með málefni löggreglunnar í umboði dómsmálaráðherra, sbr. 4. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 og hefur m.a. því hlutverki að gegna skv. 5. gr. laganna að samræma störf löggreglu, þ. á m. í landamæramálum og eftirliti með útlendingum. Hvert löggregluembætti ber þó ábyrgð á og annast framkvæmd landamæraeftirlits í sínu umdæmi, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri. Landamæravarsla er á höndum löggreglu og Landhelgisgæslu Íslands en Tollstjóri fer með eftirlit með vöru. Landamæravarsla og tollaeftirlit eru mikilvægur og órjúfanlegur hluti af öryggismálum þjóðarinnar.

Í Schengen úttektum 2017 var bent á alvarlega veikleika í stjórnskipulagi málafloksins í heild og því mikilvægt að huga betur að samræmingu innan málafloksins með það að markmiði að tryggja áreiðanlega, hagkvæma, skilvırka og örugga umferð um landamærin.

#### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerð |
|-----|--------|
|     |        |

|    |                                                                                                                                                                    |
|----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. | Tryggja heildstæða og samræmda nálgun við landamæravörslu, m.a. með því að setja á fót landamæradeild hjá embætti ríkislögreglustjóra og tryggja starfsemi hennar. |
| 2. | Tryggja að fyrir liggi viðbragðsáætlun til að bregðast við skyndilegri fjölgun einstaklinga sem falla undir óreglulega fólksflutninga.                             |

### 3.2 Landamæragæsla.

Landamæragæsla er sú gæsla sem fram fer á landamærum á milli landamærastöðva og á landamærastöð utan ákveðins opnunartíma til varnar því að einstaklingar sniðgangi landamæraeftirlit. Landfræðileg lega landsins er hagfelld hvað varðar landamæragæslu. Næsti nágranni Íslands til vesturs er Grænland sem er í um 280 km fjarlægð en til meginlands Evrópu er styst til Noregs eða um 970 km. Fiskveiðilögsagan er 200 sjómílur og nær yfir 752.000 km<sup>2</sup>.

Landhelgsgæsla Íslands fer með löggæslu á hafinu sbr. 4. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgsgæslu Íslands. Stjórnstöð Landhelgsgæslunnar gegnir lykilhlutverki í eftirliti með sjófarendum og haftengdri starfsemi og þar með talið landamæragæslu. Auk þess er stjórnstöðin miðstöð leitar og björgunar á hafinu við Ísland vegna sjóslysa og loftfara. Stjórnstöðin sinnir þjónustu við sjófarendur, fjareftirliti, fiskveiðieftirliti, landamæraeftirliti og samhæfingu tækja Landhelgsgæslunnar. Í stjórnstöðinni er ávallt fyrir hendi stöðumynd af starfsvæði Landhelgsgæslunnar þar sem má sjá alla skipaumferð, ógnir, hættur og björgunareiningar. Vaktstöð siglinga er starfrækt innan stjórnstöðvarinnar en það fyrirkomulag tryggir samþættingu vöktunar og viðbragðs í samræmi við alþjóðlegar reglur um leit og björgun vegna skipa og loftfara og skilvirk viðbrögð við slysum. Þá er vöktun samræmds landamæraeftirlits Schengen ríkjanna (e. *National Coordination Center*) liður í starfsemi stjórnstöðvarinnar. Landhelgsgæslan hefur að undanförnu lagt aukna áherslu á að auka landamæragæslu með tæknilausnum sem Siglinga- og öryggisstofnun Evrópu (e. *European Maritime Safety Agency (EMSA)*) leggur í té, t.d. með gervihnattamyndum. Þá eru fyrir hendi samstarfsamningar Landhelgsgæslunnar við ríkislögreglustjóra, lögregluembættin og Tollstjóra um gagnkvæman stuðningi í aðgerðum. Tryggja verður virka samvinnu Landhelgsgæslunnar og greiningardeilda embættis ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að efla greiningu á sviði löggæslu og öryggis á sjó. Við það eykst hæfni starfsmanna Landhelgsgæslunnar til að greina óæskilega starfsemi auk samlegðaráhrifa.

#### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerð                                                                                                  |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 3.  | Eftirlit/landamæragæsla með gervitunglum verður aukið með þátttöku í verkefnum á vegum Frontex og EMSA. |

|    |                                                                                                                                                                |
|----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 4. | Greina möguleika á því að setja upp færانlegar eftirlitsstöðvar á landi með skipaumferð.                                                                       |
| 5. | Þjálfun fyrir starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem sinna landamæragæslu verður aukin. Þjálfunin mun byggja á landsáætlun sem tekur mið af kjarnanámskrá Frontex. |

### 3.3 Landamæraeftirlit.

Landamæraeftirlit er það eftirlit sem fram fer á viðurkenndum landamærastöðvum sem felst í að skoða hvort einstaklingur og hlutir í vörslu hans, þ. á m. samgöngutæki, uppfylli skilyrði fyrir komu eða för yfir landamæri. Lögð er áhersla á skilvirk landamæraeftirlit án þess að öryggi sé stefnt í hættu. Liður í því er að fjölga löggæslumönnum sem starfa við landamæraeftirlit, bæta þjálfun og menntun, efla greiningarstarf og farþegalistagreiningu og auka sjálfvirknivæðingu landamæraeftirlits en ein helsta áskorunin sem Ísland stendur frammi fyrir er án efa innleiðing nýrra tölvu-og gagnakerfa Schengen samstarfsins sem og uppfærsla á fyrirliggjandi kerfum þess.

#### 3.3.1 Flugvellir.

Fjórir flugvellir eru skilgreindir sem alþjóðaflugvellir og viðurkenndar landamærastöðvar hér á landi en það eru Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Talsvert umfang er á millilandaflugi um Reykjavíkurflugvöll en sú umferð er að mestu leyti bundin við reglubundið áætlunarflug til Færeyja og Grænlands. Auk þess er talsvert umfang í einkaflugi sem fer um flugvöllinn. Á haustmánuðum 2017 hófst áætlunarflug frá nokkrum flugvöllum í Bretlandi til Akureyrarflugvallar og reyndi verulega á alla innviði á Akureyrarflugvelli sem og á löggreglu og tollgæslu þó að ekki hafi verið um mörg flug að ræða. Auk þess er töluvert umfang á einkaflugi sem fer um Akureyrarflugvöll og á leiguflugi til Grænlands. Um Egilsstaðaflugvöll er ekki reglubundið áætlunarflug en Egilsstaðaflugvöllur gegnir ásamt Reykjavíkur- og Akureyrarflugvelli mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Talsvert er um það að flugför í millilandaflugi lendi á þeim flugvöllum þegar aðstæður eru með þeim hætti að ekki er hægt að lenda á Keflavíkurflugvelli. Slíkum tilvikum fjölgar með ári hverju samfara vexti í millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll. Umferð farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll hefur frá árinu 2011 aukist ár frá ári. Mesta aukingin var á milli áranna 2016 og 2017 en þá fjölgaði farþegum sem fóru um ytri landamærin um 44% milli ára.

Um 96% af allri umferð fólks til og frá landinu fer um Keflavíkurflugvöll en auk þess er flugvöllurinn skiptiflugvöllur fyrir farþega sem fara til og frá Evrópu til Norður-Ameríku. Vægi Keflavíkurflugvallar sem skiptiflugvallar hefur aukist undanfarin ár og er nú svo komið að flugvöllurinn er í fimmta sæti yfir flugvelli í Evrópu þegar er litið er til umfangs í farþegaflutningum til og frá Evrópu og N-

Ameríku. Í farþegaspá ISAVIA er gert ráð fyrir að fækkun verði í fjölda farþega á árinu 2019 í fyrsta skipti frá árinu 2011.

Fyrirhuguð uppbyggingaráform á Keflavíkurflugvelli eru sífellt í endurskoðun en þrátt fyrir spár um minni farþegafjölda 2019 gera farþegaspár fyrir næstu 10 ár ráð fyrir umtalsverði aukningu á farþegum sem fara um flugvöllinn. Fjöldi flugfélaga sem halda uppi áætlunarflugi um Keflavíkurflugvöll hefur aukist undanfarin ár en þó hafa nokkur flugfélög farið af markaði vegna erfiðleika í rekstri. Flugtengd starfsemi er ávallt háð margvíslegum óvissuþáttum og verða áætlanir að taka mið af þeim raunveruleika.

### **3.3.2 Landamæri á sjó.**

Í viðauka 1 við reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017 eru 30 hafnir skilgreindar sem landamærastöðvar hér á landi. Umferð um hafnir landsins er mismikil en aðal uppskipunarhafnir landsins eru Faxaflóahafnir og komur skemmtiferðaskipa í fyrstu höfn er í yfir 90% tilvika hjá Faxaflóahöfnum þar sem landamæraeftirlit fer fram. Auk þess eru talsverð umsvif á Seyðisfirði í tengslum við vikulegar ferjusiglingar frá Danmörku en rúmlega 12 þúsund farþegar koma með ferjunni á ári hverju. Komum skemmtiferðaskipa hefur einnig fjölgað, sérstaklega til Ísafjarðar og Akureyrar. Þá eru talsverð umsvif í tengslum við fraktsiglingar en þar má nefna sérstaklega Grundartanga, Helguvík, Akureyri, Reyðarfjörð, Þorlákshöfn og Grindavík. Gerðar eru ríkari kröfur um búnað til að framkvæma landamæraeftirlit á næstu misserum með innleiðingu á nýjum kerfum Schengen samstarfsins og er í því ljósi mikilvægt að Ísland hugi betur að því hvaða hafnir verði skilgreindar sem landamærastöðvar. Ísland tilkynnir Evrópusambandinu hvaða landamærastöðvar eru hér á landi og þar með á hvaða stöðum landamæraeftirlit fer fram.

### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                                                                        |
|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 6.  | Að tryggja aukin gæði og skilvirkni með frekari sjálfvirknivæðingu landamæraeftirlits, þ. á m. að tryggja innleiðingu á nýjum Schengen kerfum á borð við Entry/Exit og ETIAS. |
| 7.  | Að tryggja innleiðingu á landsáætlun um menntun og þjálfun landamæravarða sem tekur mið af kjarnanámskrá Frontex og viðurkenndum hæfnisviðmiðunum.                            |
| 8.  | Að innleiða áhaettugreiningarsniðmát Frontex sem tekur til staðbundinna og svæðisbundinna þátta og landsins alls.                                                             |
| 9.  | Að efla samkeyrslu og mynsturgreiningu á farþegalistaupplýsingum og bæta tækjabúnað á því sviði.                                                                              |

|     |                                                                                                                                                                    |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 10. | Að tryggja heildstæða og samræmda nálgun við landamæravörslu með því að setja og innleiða verklagsreglur um framkvæmd landamæraeftirlits og eftirlit innan svæðis. |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### 3.4 Aðgerðir gegn afbrotum sem ná yfir landamæri.

Markmiðið er að tryggja lögmaða umferð um landamæri og koma í veg fyrir og greina hvers kyns brotastarfsemi sem fer fram þvert á landamæri, m.a. með því að sporna gegn smygli á fólk, mansali og annarri brotastarfsemi. Sérstök áhersla er lögð á það við landamæraeftirlit að greina þá einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu. Með það að markmiðið hefur handbók Frontex um viðkvæma hópa (e. VEGA) verið þýdd á íslensku og kynnt fyrir landamæravörðum<sup>3</sup>. Auk þess er mikilvægt að þeir sem sinna landamæraeftirliti séu þjálfaðir og menntaðir til að greina slíka hópa.

Ríkislöggreglustjóri, löggregluumdæmi landsins, Landhelgisgæslan og Tollstjóri gegna saman mikilvægu hlutverki í að sporna við afbrotum sem ná yfir landamæri. Í lögum um fyrrgreinda aðila er skýrt kveðið á um hlutverk þeirra en löggreglu ber m.a. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Löggregla ber jafnframt ábyrgð á rannsóknum sakamála. Greining á stöðumynd á grundvelli áhættumats er mikilvægt tæki fyrir löggæsluaðila svo hægt sé að beina áherslum þangað sem þeirra er mest þörf. Þá er alþjóðlegt samstarf löggreglu við erlend lögreglulið og löggæslustofnanir á borð við Europol og Frontex einkar mikilvægt til þess að sporna við afbrotum þvert á landamæri. Loks er forskoðun og greining á farþegalistum flugfara og áhafna- og farþegalistum skipa liður í því að sporna við afbrotum og auðvelda rannsóknir brota sem ná yfir landamæri.

Meðal aðgerða sem unnið er með er að tryggja að löggæsluaðilar sem starfa á landamærum þekki áhættuvísá, s.s. um „erlenda vígamenn“ í tengslum við hættu á hryðjuverkum en auk þess hefur ríkislöggreglustjóri gefið út sérstakar leiðbeiningar/fyrirmæli sem kveða á um viðbrögð/rannsókn þegar grunur vaknar um tengsl einstaklinga eða hópa við hryðjuverkastarfsemi.

#### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                           |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 11. | Efla menntun og þjálfun í að greina og koma í veg fyrir afbrot þvert á landamæri, m.a. að greina einstaklinga í viðkvæmri stöðu. |

<sup>3</sup> [https://frontex.europa.eu/assets/Publications/General/VEGA\\_children/VEGA\\_Children\\_Handbook.pdf](https://frontex.europa.eu/assets/Publications/General/VEGA_children/VEGA_Children_Handbook.pdf)

### 3.5 Umsóknir um alþjóðlega vernd.

Markmið íslenskra stjórnvalda er að tryggja mannúðlega og skilvirkja meðferð umsókna um alþjóðlega vernd og að hún sé í samræmi við löggjöf og alþjóðasamninga. Lögreglan ber ábyrgð á upphaflegri skráningu á umsóknum um alþjóðlega vernd. Í því felst að skrá umsóknina í landskerfi löggreglu, töku ljósmynda og fingrafara, uppflettingu í gagnagrunnum löggreglunnar auk fyrstu greiningar á einstaklingum með áherslu á einstaklingsbundið hættumat og greiningu á því hvort einstaklingurinn sé í viðkvæmri stöðu. Að skráningu og frumathugun löggreglu lokinni tekur Útlendingastofnun við afgreiðslu umsóknar um alþjóðlega vernd en vinnur auk þess að mati á því hvort einstaklingurinn kunni að vera í viðkvæmri stöðu eða vera hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Lögreglan og Útlendingastofnun vinna náið saman ásamt öðrum stofnunum og félagasamtökum sem koma að umsóknum um alþjóðlega vernd og mikilvægt er að efla samstarf þessara aðila. Mikilvægt er að greina frá hvaða löndum umsækjendur eru, ferðaleiðir þeirra og hvort þeir séu í viðkvæmri stöðu. Þá er mikilvægt að efla samstarf við Frontex varðandi slíkar greiningar.

Lögð er áhersla á að greina með skilvirkum hætti hverjir það eru sem uppfylla skilyrði þess að hljóta alþjóðlega vernd hér á landi sem og að tryggja skilvirkra framkvæmd brottvisana og frávísana þeirra einstaklinga sem hafa fengið synjun á slíka umsókn.

#### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerðir                                                                                                                             |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 12. | Að efla frekar samstarf löggreglu og Útlendingastofnunar við móttöku umsókna og úrvinnslu mála þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd. |

## 4. Leit og björgun.

Markmiðið er að halda uppi öflugu eftirliti og löggæslu ásamt björgunar- og leitarþjónustu til að tryggja öryggi og vernda auðlindir í hafinu við Ísland auk þess að styðja við almannaoryggi á landi.

Leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara afmarkast af þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og tilkynntar hafa verið til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), sbr. reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara. Landhelgispæslan sem er borgaraleg löggæslustofnun ber ábyrgð á eftirliti og lög- og öryggisgæslu á svæði sem nær yfir 752.000 ferkilómetra og fer með yfirstjórn leitar og björgunar á svæði sem þekur um 1,9 milljónir ferkilómetra, nær tvöfalt stærra en efnahagslögsaga Íslands.

Landhelgispæslan hefur yfir að ráða þremur varðskipum en einungis tvö þeirra eru gerð út. Þá hefur stofnunin yfir að ráða einni eftirlitsflugvél og þremur björgunarþyrlum. Slysavarnarfélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnardeilda á Íslandi. Félagið telur yfir 18 þúsund sjálfboðaliða og hefur yfir að ráða m.a. smærri björgunarbátum sem staðsettir eru á mikilvægum stöðum á landinu. Við leit og björgun gegna þessi samtök sjálfboðaliða mikilvægu hlutverki. Landhelgispæslan ber ábyrgð á leitar- og björgunarsvæði vegna sjófarenda og fer með yfirstjórn aðgerða. Þá starfrækir Landhelgispæslan björgunarstjórnstöð vegna leitar og björgunar sjófarenda (MRCC-Ísland).

Leitar- og björgunarsþjónusta Landhelgispæslunnar nær til sjófarenda og loftfara, bæði innan íslensku efnahagslögsögunnar og á alþjóðlegum hafsvæðum sem eru á ábyrgð Íslands, auk þess sem stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki við leit og björgun á landi. Skipaumferð um leitar- og björgunarsvæðið hefur aukist verulega á undanförnum árum en má þar sérstaklega nefna fjölda skemmtiferðaskipa sem hefur tífaldast á sl. 20 árum. Hafsvæðið við Ísland er talið það erfiðasta í veröldinni vegna veðurfars, olduhæðar, myrkurs og víðáttu og því afar mikilvægt að Landhelgispæslan sé búin öflugun tækjum og vel þjálfuðum mannafla.

Landhelgispæslan er í daglegu samstarfi við Dani, Norðmenn, Bretta, Færeyinga og Kanadamenn sem bera ábyrgð á þeim svæðum er liggja að íslensku leitar- og björgunarsvæði. Unnið er eftir skilgreindum verkferlum með Dönum varðandi eftirlit, leit, björgun, æfingar og samvinnu. Þetta alþjóðlega samstarf byggist á þjálfun, upplýsingaskiptum og gagnkvæmum stuðningi ríkjanna og styrkir Landhelgispæsluna í verkefnum sínum.

Landhelgispæsla Íslands hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sameiginlegum verkefnum á vegum Frontex og hefur þannig bæði lagt til skip og flugvél í verkefnum á vegum stofnunarinnar. Landhelgispæslan hefur í þessum verkefnum komið að fjölmörgum björgunaraðgerðum, bæði með tækjaeiningar og

starfsmenn sem hafa starfað sem tengiliðafulltrúar Frontex í aðgerðastjórnstöðvum í viðkomandi gestaríki. Í björgunaraðgerðum starfa þær einingar samkvæmt aðgerðaáætlun og flytjast undir stjórn björgunarstjórnstöðvar í viðkomandi landi sem ber ábyrgð á því hafsvæði þar sem björgunaraðgerðir fara fram. Framlag Íslands hefur verið einkar vel metið á þessum vettvangi og er markmið að halda því góða samstarfi áfram.

**Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                        |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 13. | Efla björgunargetu Landhelgisgæslunnar með kaupum á þremur nýjum þyrlum og fjölga þyrluáhöfnum úr fimm í sex. |
| 14. | Uppfæra eftirlitsbúnað í TF-SIF.                                                                              |

## 5. Áhættugreiningar

Markmiðið með því að koma á skilvirku kerfi við áhættugreiningu er að leggja grunn að viðbúnaði löggæslu sem uppfyllir öryggis- og þjónustustig við gæslu landamæra og eftirlit innan svæðis.

Markviss áhættugreining er forsenda þess að unnt sé að leggja mat á áhættuþætti, áætlanir og framtíðarhorfur (ógnir og tækifæri) í málefnum landamæra. Mat á áhættu er byggt á ógn sem metin er með tilliti til umfangs/stærðar og líkum á að ógn rætist. Áhættustigið er metið út frá ógn/umfangi, veikleikum og afleiddum áhrifum.

Með áhættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra um landamærvörslu frá 14. mars 2013 var tekið fyrsta skref í áttina að því að innleiða áhættulíkan Frontex (CIRAM). CIRAM stendur fyrir *Common Intergrated Risk Analysis Model* og er samræmt áhættulíkan til greiningarvinnu fyrir öll Schengen ríkin. Áhættumatið var uppfært árið 2017 en markmiðið er að slíkt áhættumat sé gert árlega. Mikilvægur liður í upplýsingaöflun fyrir lands- og staðbundið áhættumat er mánaðarleg tölfraðiskýrsla flugstöðvardeilda. Tölfræðiskýrslan varpar ljósi á fjölda mála sem tengjast óregluglegum fólksflutningum og að hluta til ástandsins innan svæðis. Í samráði við hagsmunaaðila verður unnið að því að þróa frekar upplýsingaöflun þannig að hún nái yfir víðtækara svið.

Í Schengen úttektum 2017 var bent á að efla þyrfti áhættugreiningar og innleiða fyrrgreint CIRAM sniðmát hjá lögreglu með fullnægjandi hætti. Það er því markmið að koma á fót sérstöku tengiliðaneti greiningaraðilaBa (*risk analysis functional group*), í samstarfi við löggregluembættin, Landhelgisgæslu, Útlendingastofnun og Tollstjóra. Þá þarf að þróa frekar skilgreinda upplýsingaöflun löggæsluaðila og úrvinnslu samkvæmt CIRAM sniðmátinu sem tekur til staðbundinna og svæðisbundna þáttu og alls landsins.

Markmiðið er að árlega verði unnið áhættumat á landsvísu fyrir löggreglum dæmin og starfsvæði Landhelgisgæslunnar. Jafnframt verður unnið að því að auka sérfræðipekkingu og almenna vitund löggæslumanna á áhættugreiningu með sérstaka áherslu á CIRAM módelið.

Mikilvægur þáttur er upplýsingamiðlun og upplýsingaskipti við löggæsluaðila innanlands og við stofnanir erlendis og þá sérstaklega Frontex í gegnum FRAN tengiliðanetið og Europol. Auk þess er samstarf Norðurlandanna mikilvægt í þessu samhengi.

Þá er mikilvægt að virkja betur svokallað EUROSUR verkefni en það er samstarfsverkefni lögreglu og Landhelgisgæslu sem miðar að því að varpa upp rauntímastöðumynd í málefnum landamæra. Í fyrrgreindri Schengen úttekt var enn fremur bent á að innleiða þyrfti EUROSUR með fullnægjandi hætti og huga að heildarskipulagi verkefnisins.

Í reglugerð nr. 404/2007 um greiningardeild ríkislöggreglustjóra er kveðið á um samstarf löggregluembætta, Landhelgispærslu, Tollgæslu og eftir atvikum Útlendingastofnunar. Markmiðið er að styrkja samstarf á þessu sviði með því að koma á sérstöku greiningarsamstarfi á sviði landamæravörslu og þannig koma á virku samráðsferli og gagnkvæmum upplýsingaskiptum. Gert er ráð fyrir að sérstakur CIRAM fulltrúi greiningardeildar ríkislöggreglustjóra muni leiða þá vinnu.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 15. | Efla starfsemi ríkislöggreglustjóra á vettvangi áhættugreiningar og innleiða áhættugreiningarsniðmát Frontex með aðkomu löggregluembættanna, Landhelgispærslu Íslands, Tollstjóra og Útlendingastofnunnar. Árlega verður unnið áhættumat í málefnum landamæra sem og ógnarmat fyrir starfsvæði Landhelgispæslunnar. |
| 16. | Tryggja innleiðingu á EUROSUR verkefninu, þ. á m. þróa frekari notkun á Eurosur við gerð rauntímastöðumyndar og við gerð áhættumats.                                                                                                                                                                                |

## **6. Samstarf við aðildarríki Schengen og stofnanir innan Evrópusambandsins með aðkomu og í samvinnu við Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex).**

Markmiðið er að Ísland taki virkan þátt í þeirri samvinnu sem fram fer á vettvangi Schengen samstarfsins og við aðildarríki þess og nýti þau verkfæri sem erlent samstarf býður upp á, einkum á vettvangi Frontex.

Starfsemi Frontex er afar mikilvæg fyrir fámenna þjóð eins og Ísland en á þeim vettvangi er m.a. boðið upp á verðmæta fræðslustarfsemi og þjálfun sem starfsmenn lögreglu og Landhelgisgæslu hafa sótt. Þá er samstarf við Frontex á sviði brottvísana og frávísana afar mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni enda hefur stofnunin lagt til aðstoð við framkvæmd slíkra ákvarðana í fjölda tilvika.

Starfsemi stofnunarinnar er umfangsmikil og kallar á margs konar umsýslu, þátttöku í tengiliðahópum, vinnuhópum, upplýsingasöfnun og miðlun, þátttöku í sameiginlegum aðgerðum, framlag í mannaúðsbanka, gerð veikleikamats o.fl. Á sama tíma og ávinningur Íslands af þátttöku í starfsemi stofnunarinnar er mikill, þá fylgir því að sama skapi mikil áskorun fyrir fámenna þjóð og því er mikilvægt að samstarf og framlag Íslands sé vel skilgreint hverju sinni.

Allt frá stofnun Frontex hefur embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum gegnt lykilhlutverki í Frontex samstarfinu og er lögreglustjóri embættisins fulltrúi Íslands í stjórnarborði stofnunarinnar. Þá sinnir embættið tengiliðahlutverki við Frontex og tekur þátt í árlegum viðræðum ásamt Landhelgisgæslunni við stofnunina þar sem framlög ríkjanna eru rædd og yfirfarin. Markmiðið er að ný landamæradeild veiti embættinu stuðning í þessum verkefnum en fulltrúi deildarinnar er tilnefndur sem varamaður í stjórnarborði stofnunarinnar. Í ljósi aukins umfangs þeirra verkefna sem tengast samstarfinu er mikilvægt að skilgreina aðkomu og framlag Íslands á þessum vettvangi og er því gert ráð fyrir endurskoðun á skipulagi verkefnisins hér innanlands en nú þegar hefur t.a.m. menntun og fræðsla verið færð til Mennta- og starfsþróunarselvors lögreglunnar. Mikilvægt er að nýta þá þjálfun sem fram fer á vettvangi stofnunarinnar til fulls en þess má geta að hún fer að meginstefnu fram án endurgjalds.

Frá árinu 2010 hefur Landhelgisgæslan tekið þátt í fjölmögum verkefnum á vegum Frontex með því að leggja til varðskip og eftirlitsflugvél í sameiginlegum verkefnum undir merkjum stofnunarinnar. Með því hefur Ísland til fjölda ára verið meðal virkstu ríkja í samstarfinu og framlag Íslands hefur verið vel metið á þessum vettvangi. Auk þess hefur lögreglan verið virk í sameiginlegum aðgerðum hvað varðar brottvísanir og frávísanir á vegum stofnunarinnar. Þá er eftirlitsflugvél TF-SIF og varðskipið Týr tilnefnd í tækjabanka Frontex.

Afar fámennum hópur löggæslumanna á Íslandi uppfyllir kröfur til þátttöku í sameiginlegum verkefnum á vegum Frontex og er það megin ástæðan fyrir því að þátttaka löggæslumanna hefur ekki verið meiri en raun ber vitni. Ísland hefur tilnefnt two fulltrúa í svokallaðar hraðsveitir en Ísland er skuldbundið til að hafa two fulltrúa tiltæka hverju sinni til aðstoðar ef alvarlegt ástand myndast á ytri landamærum Schengen svæðisins. Markmiðið er að fjölga tilnefningum í mannaúðsbanka Frontex og þannig tryggja að Ísland hafi ávallt tvö stöðugildi tiltæk með vísan til þessa. Þá ber að hafa í huga að tillaga að nýrri reglugerð um aukið hlutverk Frontex er nú til lokaumræðu á vettvangi Schengen samstarfsins en verði sú tillaga samþykkt er gert ráð fyrir auknu framlagi ríkjanna til stofnunarinnar. Má þar t.d. nefna að skv. nýjustu drögum ber Íslandi t.d. að tilnefna fulltrúa sem mun starfa í fullu starfi í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Varsjá auk þess sem gert er ráð fyrir að allt að fimm starfsmenn verði tilnefndir í skammtíma verkefni á vegum stofnunarinnar.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur tekið á móti gestalandamæravörðum á undanförnum árum sem starfað hafa tímabundið á Keflavíkurflugvelli en auk þess hefur embættið sent lögreglumenn til tímabundinna starfa á öðrum flugvöllum. Þá hefur stoðdeild ríkislögreglustjóra tekið þátt í framkvæmd fjolda sameiginlegra brottvísana og frávísana og meðal annars verið í hlutverki skipuleggjanda í nokkrum aðgerðum. Reynsla af móttöku gestalandamæravarða er mikilvægur liður í því að efla getu Íslands til þess að taka á móti fjolda gestalandamæravarða komi til þess í framtíðinni en markmiðið er að skapa umgjörð um slík verkefni enda getur ávinningur verið umtalsverður. Þá þarf Ísland einnig að vera í stakk búið til þess að taka á móti gestalandamærvörðum ef t.a.m. hætta steðjar að ytri landamærum Schengen svæðisins á Íslandi og nauðsynlegt þykir að fá aðstoð frá öðrum samstarfsríkjum og Frontex.

Landhelgsgæslan vinnur náðið með nágrannaríkjum, svo sem á vettvangi Nordic Coast Guard Cooperation, Arctic Coast Guard Forum, North-Atlantic Coast Guard Forum og European Coast Guard Function Forum. Þá eru í gildi tvíhlíða samstarfssamningar við Norðmenn og Dani á sviði leitar, björgunar, löggæslu og eftirlits.

Samstarf á milli Norðurlandanna er öflugt á mörgum sviðum sem hafa snertifleti við landamæravörsu. Má í því sambandi nefna Politi og Toll í Norden (PTN) sem er samstarf lögreglu- og tollayfirvalda. Auk þess má nefna óformlegt samstarf helstu flugvalla á Norðurlöndum sem kallast Nordic Airport Police Information Exchange. Efla þarf upplýsingamiðlun vegna gerðs veikleikamats Frontex og úrvinnslu með niðurstöður veikleikamatsins á þessum vettvangi.

Löggæslufirvöld hafa á undanförnum árum staðið fyrir aukinni þátttöku í Europol samstarfinu með starfandi tengiliðafulltrúa í höfuðstöðvum Europol og með aukinni þátttöku í verkefnahópum sem starfa undir merkjum stofnunarinnar. Schengen samstarfið kallar á víðtæka hagsmunagæslu sem varðar þróun á nýjum Schengen gerðum. Á þeim vettvangi er unnið náið með fulltrúum Norðurlandanna og sérstaklega Noregi sem hefur sambærilega stöðu og Ísland innan Schengen

samstarfsins. Þá hefur virku samstarfi verið komið á meðal Norðurlandanna vegna innleiðingar á nýjum upplýsingakerfum Schengen samstarfsins. Eu-LISA er mikilvægur samstarfsaðili við rekstur og þróun á Schengen kerfum en fulltrúi Íslands situr í stjórn stofnunarinnar. Þá hefur Landhelgisgæslan unnið í nánu samstarfi við EMSA og EFCA en meðal verkefna sem unnið hefur verið er að bæta gæði við eftirlit á hafsvæðinu við Ísland með reglulegum gervihnattamyndum sem EMSA leggur til. Þá er einnig unnið að tilraunaverkefni með fjarstýrt flýgildi í samstarfi við EMSA o.fl. Ísland er ekki aðili að stuðningsskrifstofu Evrópu í málum er varðar alþjóðlega vernd (EASO) og þá hefur Ísland ekki tekið þátt í svokölluðum hot spots verkefnum Evrópusambandsins sem fram fara á skilgreindum álagssvæðum en ástæðan fyrir því er fyrst og fremst skortur á fjármagni og mannafla.

**Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                              |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 17. | Þróa frekar skipulag og umsýslu Frontex verkefna á Íslandi.                                                         |
| 18. | Tryggja nauðsynlega umgjörð vegna þátttöku íslenskra starfsmanna í sameiginlegum verkefnum á vegum Frontex.         |
| 19. | Styrkja upplýsingaöflun og -miðlun vegna gerðs veikleikamats Frontex og úrvinnslu með niðurstöður veikleikamatsins. |

## 7. Samstarf milli stofnana innanlands.

Markmiðið er að efla og bæta samstarf á milli þeirra stofnana innanlands sem gegna mikilvægu hlutverki við landamæravörslu í því skyni að auka skilvirkni og hagkvæmni.

Ríkislöggreglustjóri, löggregluembættin, Tollstjóri og Landhelgsgæslan eru lykilaðilar þegar kemur að málefnum landamæra. Lögð er sérstök áhersla á samstarf á sviði upplýsingaskipta, rannsókna á brotum sem ná yfir landamæri, áhættugreiningu, auknu samstarfi við greiningu á farþegalistaupplýsingum, þjálfun og þróun á búnaði. Efla þarf með markvissum hætti samstarf á þessum sviðum. Auk þess er lögð áhersla á að efla samstarf og upplýsingaskipti á milli lögreglu og Útlendingastofnunar. Liður í því er að stuðla að aukinni rekstrarsamhæfingu kerfa þessara stofnanna. Ófullkomin og takmörkuð upplýsingakerfi þar sem rekstrarsamhæfing er takmörkuð gerir það að verkum að heildaryfirsýn í málaflokknum skortir.

Í lok árs 2017 skipaði dómsmálaráðherra stýrihóp æðstu stjórnenda stofnana sem gegna lykilhlutverki í málefnum landamæra. Markmiðið með stýrihópnum var að koma á sameiginlegum vettvangi til að ræða málefni sem tengjast samþættri landamærastjórn og tryggja áreiðanlega, hagkvæma og skilvırka aðkomu íslenskra stjórnvalda að landamæraramálefnum. Markmiðið er að settir verði á laggirnar formlegir vinnuhópar sem er ætlað að fylgja eftir ákvörðunum stýrihópsins sem og fylgja eftir stefnu þessari.

Landhelgsgæslan, ríkislöggreglustjóri og löggregluumdæmi ásamt Tollstjóra hafa gert samstarfsamninga um gagnkvæma aðstoð í verkefnum sem meðal annars hafa snertifleti við landamæravörslu. Þá er kveðið á um gagnkvæm upplýsingaskipti og samstarf í lögreglulögum nr. 90/1996 og tollalögum nr. 88/2005 sem heimila m.a. náið samstarf á ákveðnum sviðum. Stoðdeild ríkislöggreglustjóra framkvæmir brottvisanir og frávísanir en önnur löggregluembætti leggja til mannafla í slík verkefni þegar óskað er eftir því.

Lögreglan á Suðurnesjum og Landhelgsgæslan hafa unnið sameiginlega að innleiðingu á reglugerð nr. EB 1052/2013 um samræmt kerfi á sviði landamærargæslu (Eurosur). Hlutverk Landhelgsgæslunnar er umsjón með landssamræmingarstöð fyrir Eurosur, fylgjast með ástandsmynnd og bregðast við fyrirspurnum frá samstarfsríkjum en hlutverk lögreglustjórans á Suðurnesjum er að skrá atvik samkvæmt nánari skilgreiningu sem kveðið er á um í verklagsreglum. Unnið er að því að endurskoða með hvaða hætti skipulag og umsýslu Eurosur er háttáð hér á landi.

### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerðir |
|-----|----------|
|     |          |

|     |                                                                                                                                                 |
|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 20. | Þróa frekar skipulag og umsýslu Eurosur.                                                                                                        |
| 21. | Efla frekar og formgera samstarf lykilaðila sem hafa með landamæramálefni að gera með upplýsingaskiptum og miðlun.                              |
| 22. | Þróa frekar samstarf löggreglu og tollgæslu við gæslu landamæranna m.a. með auknu samstarfi við samkeyrslu og mynsturgreiningu á farþegalistum. |

## 8. Samstarf við þriðju ríki.

Markmiðið er að sporna við ólöglegri fór manna um landamærin, berjast gegn afbrotum þvert á landamæri og tryggja skilvirkja framkvæmd brottvísana og frávísana þeirra þriðju ríkisborgara sem eru í ólögmætri dvöl. Þannig verði stuðlað að öryggi á landamærum Íslands með nánu samstarfi við alþjóðastofnanir og þau þriðju ríki þar sem skipa- og flugumferð er reglubundin í fólks- og vörurflutningum til og frá landinu. Slíkt samstarf á viðkvæmum sviðum löggæslumála krefst einnig gagnkvæms trúnaðar og milliliðalausra samskipta stofnana.

Á undanförnum árum hefur aðkomuleiðum fjölgæð frá þriðju ríkjum til Íslands, sérstaklega frá Bandaríkjunum og Kanada. Ísland hefur um árabil verið aðili að hinu svokallaða Visa Waiver Program Bandaríkjanna (VWP), en í því felst að íslenskir ríkisborgarar geta ferðast til Bandaríkjanna og dvalist þar í allt að 90 daga án sérstakrar vegabréfsáritunar. Rétturinn er gagnkvæmur og þannig geta bandarískir ríkisborgarar ferðast hingað til lands til styrtti dvalar án vegabréfsáritunar. Bandaríkin framkvæma reglulegar úttektir á því hvernig ríki sem njóta vegabréfsáritanafrelsins til Bandaríkjanna uppfylla þau skilyrði sem bandarísk stjórnvöld hafa sett en skilyrðin lúta m.a. landamæramálum, útlendingamálum og öryggismálum almennt.

Fyrir liggja samstarfssamningar lögreglu við Bandaríkjumenn um m.a. varnir gegn hryðjuverkaógn en sá samningur tryggir löggæsluaðilum aðgang að gagnagrunni um grunaða og þekkta hryðjuverkamenn. Þá hefur einnig verið undirritaður samningur um gagnkvæma lögreglu- og réttaraðstoð í málum sem tengjast alvarlegum glæpum, þar með talið hryðjuverkum.

Íslensk stjórnvöld hafa átt í viðræðum við bandarísk stjórnvöld varðandi nánara samstarf á sviði landamæramálefna en auk þess er stefnt að því að hefja viðræður við kanadísk stjórnvöld um sama málefni. Þá er mikilvægt að nýta alþjóðlegt samstarf stofnana á borð við alþjóðalöggregluna (Interpol) til fulls og auka nýtingu á sameiginlegum gagnagrunnum Schengen samstarfsins.

### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerð                                                                                                         |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 23. | Þróa frekar samstarf við bandarísk og kanadísk yfirvöld sem og önnur þriðju ríki á vettvangi landamæramálefna. |

## **9. Aðgerðir innan svæðis sem miða að því að sporna gegn ólögmætri för fólks yfir landamæri, ólögmætri dvöl fólks á Schengen svæðinu og aðgerðir gegn afbrotum sem ná þvert á landamæri.**

Markmið aðgerða innan svæðis er að halda uppi eftirliti með komu og dvöl fólks í því skyni að sporna gegn ólögmætri för yfir landamæri, ólögmætri dvöl innan svæðis og ólögmætri starfsemi og afbrotum. Auk þess er það markmið aðgerða innan svæðis að sporna gegn hagnýtingu fólks í viðkvæmri stöðu og ólöglegri atvinnupáttöku auk annarrar brotastarfsemi.

Lögreglan ber ábyrgð á framkvæmd landamæraeftirlits og eftirliti með lögmætri dvöl í landinu sbr. ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996 og útlendingalaga nr. 80/2016 sem og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Slíkt eftirlit fer t.a.m. fram með hefðbundnum afskiptum lögreglu eftir því sem efni standa til, almennu eftirliti og/eða á grundvelli áhættugreiningar. Þá ber lögreglu að vinna að uppljóstran brota og stöðva ólögmæta háttsemi. Lögregla á í mikilvægu samstarfi við aðrar stofnanir sem gegna eftirlitshlutverki hér á landi til að vinna að fyrrgreindum markmiðum.

Sem dæmi má nefna að lögregla, Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun og stéttarfélög sinna virku eftirliti með atvinnupáttöku útlendinga á vinnustöðum sem m.a. beinist að því að uppræta ólöglega atvinnupáttöku. Þá er samstarf lögreglu og Tollstjóra mikilvægt með sérstöðu Íslands í huga þar sem tollaeftirliti er haldið uppi á innri landamærum ólíkt því sem er í öðrum Schengen ríkjum. Vara flyst fyrir tilstuðlan fólks en af þeim sökum hefur Tollstjóri afskipti af fjölda einstaklinga sem koma til landsins. Ef grunur leikur á því að einstaklingur uppfylli ekki skilyrði fyrir komu til landsins þá er lögreglan kölluð til. Landhelgisgæsla sinnir landamæraeftirliti á hafi og er þannig einnig mikilvægur samstarfsaðili lögreglu. Markmiðið er að auka samstarf þessara aðila auk þess að huga að þjálfun þeirra og bæta sameiginlegar áhættugreiningar þessara aðila.

Ísland hefur til langa tíma ekki verið undir miklum þrýstingi óreglulegra fólksflutninga á ytri landamærum samanborið við flest önnur samstarfsríki Schengen. Samfara betra aðgengi að landinu hefur þó slíkur þrýstingur aukist um landamæri Íslands, þá sérstaklega við brottför um ytri landamærin og för um innri landamærin. Þá er átt við einstaklinga sem reyna að fara með ólögmætum hætti út af Schengen svæðinu með framvísun falsaðra ferðaskilríkja eða framvísa skilríki annars manns. Ódýr fargjöld til Bandaríkjanna, Kanada og Bretlands hafa þar m.a. verið áhrifaþættir. Þá eru uppi vísbendingar um að bætt efnahagsástand dragi til sín ólöglegt vinnuafl frá þriðju ríkjum sem starfi hér til lengri eða skemmri tíma. Fyrir liggur mikil aukning á tilkynningum frá bankastofnunum og

Þjóðskrá um fölsuð skilríki sem þriðja ríkis borgarar framvísa í blekkingarskyni til þess að fá aðgengi að vinnumarkaðinum og/eða til þess að geta stundað hér bankaviðskipti. Fölsun skilríkja er oft liður í tilraunum til peningaþvættis, smyglar á fólk og mansali eða annarri skipulagðri brotastarfsemi. Í mörgum tilvikum er sjálf útgáfa slíkra skilríkja skipulögð brotastarfsemi. Mikilvægt er að löggreglan upplýsi brot af þessu tagi og því er nauðsynlegt að fyrir hendi sé nauðsynleg sérfræðipekking á greiningu á fölsuðum skilríkjum. Efla þarf samstarf, sérfræðipekkingu og tækjabúnað á þessu sviði. Efla þarf samstarf löggæsluaðila og annarra stofnana, t.d. Útlendingastofnunar, um eftirlit með lögmætri dvöl í landinu. Þá þarf að efla enn frekar samstarf löggregluembætta auk þess sem tryggja verður að nauðsynleg þekking sé fyrir hendi á rannsóknnum og úrlausnum flókinna mála, svo sem mansali, smygli á fólk og rannsóknnum á ferðaskilríkjum sem krefjast sérfræðikunnáttu. Hið aukna álag sem hefur orðið samfara aukinni misnotkun á ferðaskilríkjum hefur leitt til þess að geta löggæslunnar innan núverandi skipulags ræður illa við þá þróun. Því er mikilvægt að bæta búnað, auka þjálfun og styrkja rannsóknir á ferðaskilríkjum hjá löggreglu.

Mikilvægt er að efla skipulagt eftirlit á vinnustöðum með ólöglegri atvinnuþáttöku en nú þegar er starfandi sérstakur hópur sem samanstendur af fulltrúum löggreglu, Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar á Suð-Vesturlandi sem fer í slíkar eftirlitsferðir. Mikilvægt er að útfæra slíkt samstarf nánar og koma á slíku samstarfi á landsvísu. Stefnt er að því að styrkja samstarf þessara aðila enn frekar m.a. með öflugri áhættugreiningu sem nýtist við forgangsröðun löggæslu og annara stofnanna á þessu sviði.

Liður í því að efla eftirlit með lögmætri dvöl útlendinga í landinu er að bæta tækjabúnað, nýta innlenda og erlenda gagnagrunna til uppflettingar og kanna lögmæti skilríkja. Má í því sambandi nefna tölvubúnað sem hægt er að nýta á vettvangi til uppflettingar í gagnagrunnum t.d. SIS, VIS, Interpol, Europol, Eurodac og löggreglukerfinu. Þá þarf að tryggja lagagrundvöll löggæsluaðila fyrir notkun og miðlun við erlenda og innlenda samstarfsaðila í samræmi við reglur um persónuvernd. Enn fremur er mikilvægt að útbúa og innleiða samræmdar reglur um framkvæmd landamæraeftirlits og eftirlit innan svæðis.

Þess skal getið að dómsmálaráðherra er heimilt að taka upp tímabundið eftirlit á innri landamærum, sem síðasta úrræði, vegna alvarlegrar ógnar við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri. Umfang og tímalengd slíks eftirlits skal þó ekki vera meira en nauðsynlegt er til að bregðast við ógninni. Ákvörðun um tímabundna upptöku eftirlits á innri landamærum skal tekin á grundvelli áhættumats frá ríkislöggreglustjóra. Mikilvægt er að áhættugreiningar séu gerðar reglulega og að viðbragðsáætlanir séu til staðar og uppfærðar eftir því sem við á, m.a. með tilliti til mannafla og tækjabúnaðar.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð |
|-----|--------|
|     |        |

|     |                                                                                                           |
|-----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 24. | Setja og innleiða verklagsreglur um samræmda framkvæmd landamæraeftirlits og eftirlit innan svæðis.       |
| 25. | Efla eftirlit með lögmætri dvöl útlendinga í landinu með því að auka og formgera samstarf eftirlitsaðila. |
| 26. | Bæta búnað, auka þjálfun og styrkja rannsóknir á ferðaskilríkjum hjá lögreglu.                            |

## **10. Framkvæmd brottvísana og frávísana**

### **útlendinga í ólögmætri dvöl þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin af stjórnvöldum.**

Markmiðið er að stuðla að skilvirkri framkvæmd brottvísana og frávísana þeirra einstaklinga sem hafa fengið frávísunar- eða brottvísunarúrskurð sem er aðfararhæfur, þ.e. þegar endanleg ákvörðun um frávísun- eða brottvísun liggur fyrir og viðtökuríki hefur veitt heimild til endurviðtöku.

Ríkislöggreglustjóri annast framkvæmd brottvísana og frávísana og aðstoðar lögregluembættin við framkvæmd frávísana. Með stofnun stoðdeildar ríkislöggreglustjóra var stigið mikilvægt skref með það að markmiði að efla skilvirkni við framkvæmd frávísana og brottvísana. Þessi áherslubreyting hefur meðal annars leitt af sér að lögregluembættin eru virkari í því að beita frávísunum. Lögregluembætti leggja til mannafla þegar þess er óskað af hálfu stoðdeilda ríkislöggreglustjóra í verkefni sem tengjast framkvæmd frávísana og brottvísana en u.p.b. 120 lögreglumenn hafa fengið þjálfun hjá stoðdeildinni í slík verkefni samkvæmt námskröfum Frontex. Skilvirk framkvæmd brottvísana og frávísana er mikilvægur liður í því að uppfylla þær skyldur sem lagðar eru til grundvallar í Schengen samstarfinu.

Samráðshópur umsækjenda um alþjóðlega vernd er starfræktur undir stjórn dómsmálaráðuneytisins. Samráðshópinn skipa auk fulltrúa frá dómsmálaráðuneyti, fulltrúar frá Útlendingastofnun, stoðdeild ríkislöggreglustjóra, kærunefnd útlendingamála, lögregluembættum og Rauða krossi Íslands. Á þeim vettvangi er m.a. varpað ljósi á stöðu einstaklinga sem hafa verið brottvísað eða frávísað og lærdómur dregin af niðurstöðu mála og unnið markvisst að því að bæta málsmæðferð þegar það á við. Forgangsröðun um brottvísun og frávísun byggir meðal annars á þeim upplýsingum ásamt fyrilliggjandi áhættumati. Þá hefur að frumkvæði samráðshópsins verið unnið að því að greina stöðu einstaklinga sem hafa horfið í kerfinu.

Heimildir eru til staðar til að vista einstakling sem bíður frávísunar eða brottvísunar en vistunarúrræðin eru takmörkuð fyrir utan það að vista einstakling í fangaklefa lögreglu. Vinnuhópur hefur verið að störfum undir stjórn dómsmálaráðuneytisins þar sem unnið er að því að skoða möguleika þess að koma upp lokuðu vistunarúrræði en niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir.

Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á gerð tvíhlidásamninga vegna endurviðtöku þriðju ríkja á einstaklingum sem dvelja ólöglega hér á landi en mikil fjölgun einstaklinga um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur gert ríkari kröfu en áður um að slíkir samningar séu fyrir hendi. Ríkislöggreglustjóri og Útlendingastofnun hafa lagt aukna áherslu á að slíkir samningar séu gerðir og þá með sérstaka áherslu á

þau ríki þar sem krafa um áritun inn á Schengen svæðið er aflétt. Þá hefur utanríkisráðuneytið lagt aukna áherslu á gerð endurviðtökusamninga í samráði við hagsmunaaðila. Mikilvægt er að tryggja upplýsingaflæði á milli þessara aðila þegar kemur að forgangsröðun um gerð slíkra samninga. Stoðdeild ríkislöggreglustjóra vinnur náið með sendiráðum við útvegun á ferðaskilríkjum og skipulagi ferða. Þá tekur stoðdeild virkan þátt í samstarfi á vettvangi Frontex þar sem sérstakt tengiliðanet og vinnuhópar, t.d. PRAN og EURINT, hafa verið settir á laggirnar til þess að styðja aðildarríkin við framkvæmd brottvísana og frávísana.

Samstarf við Frontex á sviði brottvísana og frávísana er afar mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni. Ríkislöggreglustjóri hefur tekið þátt í fjölmörgum aðgerðum sem hafa verið skipulagðar af Frontex en með því hefur náðst að léta álag sem skapast hefur innan lögreglu. Það sama á við um fyrirhugaðan stuðning Frontex við flutning á þeim einstaklingum sem óskað hafa eftir aðstoð við sjálfviljuga heimför. Samstarf við flytjendur er mikilvægt í þessu tilliti en reynslan af samstarfi við flytjendur er jafnan góð þegar brott- og frávísanir eru framkvæmdar undir merkjum Frontex.

Fulltrúi frá Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur sinnt hlutverki eftirlitsaðila í verkefnum stoðdeilda ríkislöggreglustjóra í sameiginlegum aðgerðum sem Frontex stendur fyrir. Hlutverk eftirlitsaðila er að fylgjast með því að farið sé eftir verklagsreglum og að grundvallarmannréttindi séu virt í hvívetna.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                            |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 27. | Vinna að því að koma upp vistunarúrræðum fyrir einstaklinga sem bíða frávísunar eða brottvísunar. |

## 11. Notkun á nýjustu tækni, þ. á m. umfangsmiklum upplýsingakerfum.

Markmiðið er að hámarka nýtingu og samvinnslu núverandi upplýsingakerfa, bæði til uppflettingar og skráninga, og tryggja þannig skilvirkja og hagkvæma innleiðingu á nýjustu tækni við alla þætti landamærvörsu. Markmiðið er að tryggja öruggari og skilvirkari framkvæmd landamæraeftirlits á ytri landamærum og styrkja löggæsluyfirvöld í baráttunni gegn alvarlegum glæpum og hryðjuverkastarfsemi.

Áætlað er að styrkja sérstaklega þau upplýsingakerfi sem nú þegar eru starfrækt á vettvangi Schengen samstarfsins og tryggja innleiðingu þeirra kerfa sem innleidd verða á næstu árum. Þá er enn fremur áætlað að innleiða hér á landi farþegaliskerfi (API-PNR) í samstarfi við Tollstjóra sem og að innleiða nýtt lífkennakerfi lögreglu (ABIS).

Árið 2015 markaði ákveðin tímamót í Evrópu vegna fordæmalauss flæðis flóttamanna og aukinnar hryðjuverkaógnar í álfunni. Á vettvangi Schengen samstarfsins var farið í margar aðgerðir til að mæta þessum áskorunum, s.s. með styrkingu Frontex, auknu eftirliti á ytri landamærum ofl. Í apríl 2016 gaf framkvæmdarstjórn ESB út skýrslu um styrkari og snjallari upplýsingakerfi vegna landamæra- og öryggismála (*Communication on Stronger and Smarter Information Systems for Borders and Security*)<sup>4</sup>. Í skýrslunni er fjallað um leiðir til að styrkja stjórnun ytri landamæra Schengen svæðisins og þannig innra öryggi svæðisins með því að efla tækni- og öryggismál. Skýrslunni var fylgt eftir með því að skipa nefnd háttsettra embættismanna til að útfæra tillöguna nánar (*High Level Expert Group on Interoperability*) sem gaf út lokaskýrslu í maí 2017<sup>5</sup>. Niðurstaða þeirra var að bæta þyrti verulega virkni fyrirliggjandi kerfa, búa til ný kerfi og tryggja samhæfingu þeirra. Tvö ný grundvallar kerfi samstarfsins voru kynnt til sögunnar, þ.e. nýtt kerfi um komu- og brottfarir (Entry/Exit) og nýtt kerfi um heimild til ferðar (ETIAS) en auc þess voru veigamiklar breytingar samþykktar á fyrirliggjandi kerfum samstarfsins. Jafnframt var ákveðið að útvíkka hlutverk eu-LISA og fela stofnuninni þróun og rekstur þessara nýju kerfa.

Samhliða innleiðingu á nýjum kerfum og bætta nýtingu þeirra kerfa sem fyrir eru er nauðsynlegt að huga að almennum tækni- og hugbúnaðarmálum lögreglu, sjálfvirknivæðingu og högun landskerfa með tilliti til þeirra breytinga.

---

<sup>4</sup> [https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/securing-eu-borders/legal-documents/docs/20160406/communication\\_on\\_stronger\\_and\\_smart\\_borders\\_20160406\\_en.pdf](https://ec.europa.eu/home-affairs/sites/homeaffairs/files/what-we-do/policies/securing-eu-borders/legal-documents/docs/20160406/communication_on_stronger_and_smart_borders_20160406_en.pdf)

<sup>5</sup> <http://ec.europa.eu/transparency/regexpert/index.cfm?do=groupDetail&groupDetailDoc&id=32600&no=1>

Ein helsta áskorun sem Ísland stendur frammi fyrir í málefnum landamæra er án efa innleiðing nýrra tölву- og gagnakerfa Schengen samstarfsins, uppfærsla á fyrirliggjandi kerfum þess og innleiðing annarra kerfa lögreglu sem og sú sjálfvirknivæðing sem fylgir þeim verkefnum. Áskoranir eru margvíslegar og lúta m.a. að lagalegri umgjörð, tækni, framkvæmd og, ekki síst, fjármögnun.

## **11.1 Entry/Exit kerfið, ETIAS kerfið og samhæfing kerfa.**

Ísland er skuldbundið til að innleiða tvö ný kerfi, þ.e. upplýsingakerfi vegna komu og brottfara inn á Schengen svæðið (Entry/Exit), sem áætlað er að verði tekið í gagnið á síðasta ársfjórðungi 2021 sem og upplýsingakerfi um heimild til ferðar (ETIAS) sem verður innleitt 12 mánuðum síðar. Um upplýsingakerfi um skráningu komu- og brottfara á Schengen-svæðið (Entry/Exit System) er fjallað í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2017/2226. Megin tilgangurinn með kerfinu er að auka gæði landamæraeftirlits og reikna sjálfvirkt út tímalengd dvalar útlendings á Schengen-svæðinu. Um upplýsingakerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið (ETIAS) er fjallað í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2018/1240. Kerfið felur í sér forskoðun ferðamanna sem fer fram áður en þeir koma á ytri landamæri Schengen svæðisins og tekur til borgara þriðju ríkja sem undanþegnir eru vegabréfsáritanaskyldu. Með slíkri forskoðun er bæði greitt fyrir landamæraeftirliti auk þess sem forskoðunin takmarkar líkur á því að ferðamaður sæti frávísun á landamærum. Kerfið á að bæta þann skort á upplýsingum sem er til staðar vegna ferðamanna sem njóta vegabréfsáritunarfrelsis til ferðalaga inn á Schengen-svæðið. Reglugerðirnar teljast þróun á Schengen samstarfinu og er Ísland þannig skuldbundið til að innleiða umræddar reglugerðir. Þá liggur fyrir samþykkt reglugerð sem lýtur að rekstrarsamhæfingu nýrra og fyrirliggjandi kerfa samstarfsins.

## **11.2 Breytingar á núverandi kerfum Schengen samstarfsins.**

Með breytingum á reglugerðum Evrópusambandsins um SIS, VIS og EURODAC upplýsingakerfin var ákveðið að miðlægu kerfin sem eru í rekstri hjá eu-LISA munu taka miklum breytingum. Þetta leiðir til þess að breyta þarf kerfum viðkomandi aðildarlanda auk þess sem tryggja þarf virkni þeirra og samþættingu við önnur kerfi s.s. lögreglukerfið.

## **11.3 Lífkennakerfi lögreglu (ABIS).**

Helstu breytingar á kerfum Schengen samstarfsins lúta að aukinni notkun lífkennaupplýsinga en fyrir liggur að notkun lífkennaupplýsinga muni gegna lykilhlutverki við þróun á nýrra tækni við landamæraeftirlit og lögreglurannsóknir sem ná yfir landamæri. Grundvallar forsenda fyrir því að Ísland geti innleitt nýju Schengen upplýsingarkerfin og uppfært þau sem fyrir eru er að lögreglan innleiði lífkennakerfi (ABIS – automated biometric identification system) en lögreglan býr ekki yfir slíku kerfi í dag. Innleiðing á lífkennakerfi hjá lögreglu mun enn fremur styrkja almenna aðgerðagetu lögreglu við rannsóknir brota sem og samstarf við

erlendar löggæslustofnanir. ABIS er sjálfvirkt lífkennakerfi þar sem hægt er að skrá og vinna með vettvangsför og fingraför en kerfið getur unnið sjálfvirkt að samanburði þeirra. Slíkt kerfi mun þannig ekki einungis nýtast við landamærvörslu heldur mun gjörbylta rannsóknum sakamála þar sem lífkenni koma við sögu.

## **11.4 Farþegalistakerfi.**

Farþegalistakerfi er upplýsingakerfi sem vinnur með farþegaupplýsingar og er notað til greininga á móti öðrum þekktum gagnasöfnum eða atferli. Farþegalistagreining miðar að því að tryggja örugga og lögmæta umferð um landamærin með áhættugreiningu og samkeyrslu við löggæslugagnagrunna. Ýmis konar ávinningur er af öflugu farþegalistagreiningarkerfi. Samfélagslegur ávinningur felst m.a. í því að auknir möguleikar eru á því að för eftirlýstra aðila sé stöðvuð og að upp komist um stórfelld brot, s.s. fíkniefnainnflutning og mansal. Fjárhagslegur ávinningur getur t.d. falist í því að stöðva för fólks sem ferðast á fölsuðum skilríkjum og þeim kostnaði sem því getur fylgt. Innleiðing farþegalistaakerfis styður þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur tekið sér á hendur m.a. vegna Schengen samstarfsins og áritunarfrelsissamnings við Bandaríkin. Vert er að taka fram að gerðar voru athugasemdir við farþegagreiningar lögreglu í þeim úttektum sem Ísland sætti á árinu 2017 á vettvangi fyrrgreinds samstarfs. Starfshópur um innleiðingu á farþegalistaakerfi hefur verið starfandi um nokkurt skeið en í starfshópnum sitja fulltrúar tollstjóra, ríkislögglustjóra, lögglustjórans á Suðurnesjum og dómsmálaráðuneytis.

## **11.5 Sjálfvirknivæðing landamæraeftirlits og ný tækni.**

Sjálfvirknivæðing landamæraeftirlitsins hóf innreið sína á Keflavíkurflugvelli um mitt ár 2017 þegar sett voru upp 12 sjálfvirk landamærahlið. Verkefnið var samstarfsverkefni lögglustjórans á Suðurnesjum, Isavia og ríkislögglustjóra. Heimild til þess að nota sjálfvirku hliðin hafa þeir sem eru 18 ára eða eldri, eru ríkisborgrar innan Evrópska efnahagsvæðisins og eru handhafar lífkennavegabréfs. Á næstu árum er stefnt að því að fjölgja sjálfvirkum landamærahliðum ásamt því að skoða möguleika á því að setja upp sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir þriðja ríkis borgara. Þá hefur verið settur upp hugbúnaður hjá þjóðskrá sem tryggir samvottun upprunavottorða vegabréfa á landamærastöðvum. Auk þess er stefnt að því að endurnýja allan búnað á landamærastöðvum sem tryggir lestur lífkennaupplýsinga, samvottun upprunavottorða og mynstursgreiningu á öryggisatriðum skilríkja. Þá er gert ráð fyrir því að öll löggluumdæmin verði með færaranlegan búnað fyrir landamæraeftirlit og eftirlit innan svæðis. Með þessum aðgerðum er tryggt að framkvæmd landamæraeftirlits standist þær kröfur sem leiða af Schengen samstarfinu.

Margvíslegar tæknilausnir eru til staðar til þess að bæta landamæragæslu en vinna þarf markvisst að því að meta hvaða lausnir þjóna hagsmunum Íslands best við þá innleiðingu. Fyrir liggur að breyta þarf hluta af upsetningu á

viðmóti/högun landskerfa með uppsettingu á vefþjónustu sem miðlar upplýsingum frá Schengen kerfum í landskerfin og til notenda. Vinna er hafin við greiningu á bestu tæknilausnum í þessu skyni. Þá kann að vera nauðsynlegt að endurskoða uppbyggingu á umsýslu, rekstri, og þróun á Schengen kerfum á landsvísu þannig að tryggt verði að Schengen kerfin séu ávallt uppfærð/þróuð til samræmis við þær kröfur ásamt því að tryggja innleiðingu á breytingum.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                                              |
|-----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 28. | Styrkja umsýslu, rekstur og þróun á Schengen kerfum á landsvísu þannig að tryggt verði að öll framkvæmd uppfylli kröfur Schengen samstarfsins.      |
| 29. | Nútímaþæða allan hug- og tækjabúnað með áherslu á að innleiða nýjustu og bestu tækni við landamærvörslu.                                            |
| 30. | Tryggja innleiðingu á Entry/Exit kerfinu, ETIAS kerfinu, uppfæra fyrirliggjandi kerfi Schengen samstarfsins og tryggja rekstrarsamhæfingu kerfanna. |
| 31. | Tryggja innleiðingu á farþegalistagreiningarkerfi og lífkennakerfi lögreglu.                                                                        |

## 12. Gæðastjórnun og gæðaeftirlit.

Markmiðið er að koma á landsgæðakerfi í landamæramálefnum sem tryggir skilvirka og samræmda nálgun þeirra sem hafa hlutverki að gegna í málefnum landamæra. Áætlað er slík nálgun byggi m.a. á Schengen úttektar aðferðafræðinni. Þá er markmiðið að auka þáttöku íslenskra starfsmanna í Schengen úttektum og styrkja umgjörð varðandi upplýsingagjöf til Frontex vegna veikleikamats sem unnið er árlega fyrir Ísland.

Schengen úttektir eru tæki til að fylgjast með því hvernig regluverkinu er framfylgt í Schengen ríkjunum. Úttektirnar eiga m.a. að tryggja skilvirka, samræmda og gagnsæja beitingu Schengen reglna og tryggja gagnkvæmt traust ríkjanna. Schengen úttektir fara reglulega fram en síðustu úttektir hér á landi voru framkvæmdar í byrjun árs 2017. Úttektirnar ná yfir framkvæmd landamæraeftirlits og sampættrar landamærastjórnunar, lögreglusamvinnu, framkvæmd brottvísana og frávísana útlendinga í ólögmætri dvöl, Schengen upplýsingakerfisins (SIS), áritunar útgáfu og persónuvernd. Í úttektarskýrslunni sem fjallar sérstaklega um landamærvörslu og sampætta landamærastjórnun er bent á alvarlega veikleika í stjórnskipulagi málaflokkssins, að mannafla skorti til þess að framkvæmdin uppfylli gæðakröfur, að búnaður uppfylli ekki kröfur, áhættugreining sé ekki samkvæmt þeim stöðlum sem á að vinna eftir og hið sama eigi við um farþegalista greiningu og að þjálfun og menntun starfsmanna uppfylli ekki lágmarkskröfur. Rétt er að taka fram að þessi upptalning er ekki tæmandi. Úttektirnar eiga það allar sameiginlegt að þjálfun og menntun starfsmanna er talin ábótant. Í ljósi niðurstöðu Schengen úttektanna er afar brýnt að hraðað verði innleiðingu á landsgæðakerfi eins og kostur er.

Frá gildistöku reglugerðar um Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex) hefur verið unnið veikleikamat samkvæmt ákevðnum skilgreindum mælikvörðum sem taka sérstaklega til getu viðkomandi ríkis til að vinna samkvæmt skilgreindum kröfum Schengen samstarfsins. Veikleikamat Íslands fyrir árið 2018 er í megin atriðum samhljóða niðurstöðum Schengen úttekta sem fram fóru sama ár.

Schengen úttektirnar eru mikilvægt gæðastjórnunartæki og veikleikamatið greinir aðgerðagetu til að takast á við áskoranir og umfang. Mikilvægt er að vinna markvisst með niðurstöður úttektanna og veikleikamatsins. Settar hafa verið fram aðgerðaráætlanir í öllum úttektarþáttum. Aðgerðaráætlanir eru uppfærðar á þriggja mánaða fresti eða þar til öllum aðgerðum er lokið.

Þátttaka í Schengen úttektum í öðrum samstarfsríkjum er mikilvægur þáttur í því að efla þekkingu og gæði í landamæramálefnum en stefnt er að virkri þáttöku í öllum úttektarþáttunum ásamt því að styrkja upplýsingaöflun og miðlun við gerð veikleikamats í samráði við tengiliðafulltrúa Frontex fyrir Ísland.

Sérfræðingar frá Íslandi hafa á undanförnum árum tekið þátt í nokkrum Schengen úttektum en m.a. var sérfræðingur frá ríkislöggreglustjóra í hlutverki leiðandi

sérfræðings í úttekt á framkvæmd brottvísana og frávísana, en það er í fyrsta skipti sem sérfræðingur frá Íslandi sinnir því hlutverki í Schengen úttekt. Unnið er að því með markvissum hætti að fjölga löggæslumönnum til að taka þátt í námskeiðum sem haldin eru af Frontex og CEPOL sem miða að því að þjálfa starfsfólk til þátttöku í Schengen úttektum. Landsgæðakerfið mun byggja á þátttöku þeirra sem hafa hlotið þjálfun á þessu svíði en einnig hefur það verið til skoðunar að byggja upp samstarf með Norðurlöndum með gagnkvæmum starfsmannaskiptum og þátttöku í gæðaúttektum á Norðurlöndum.

**Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                       |
|-----|------------------------------------------------------------------------------|
| 32. | Koma á landsgæðakerfi í landamæramálefnum                                    |
| 33. | Auka þjálfun og þátttöku sérfræðinga í Schengen úttektum í samstarfsríkjunum |
| 34. | Auka gæði upplýsinga við gerð veikleikamats Frontex.                         |

## 13. Fjármögnun verkefna og nýting styrkja.

Markmiðið er að stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna í málefnum landamæra þannig að þeir fjármunir og styrkir sem úthlutað er til málaufloksins verði nýttir í skilgreind forgangsverkefni miðað við stefnu þessa, sem og aðrar áherslur stjórvalda í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Það fjármagn sem notað er til halda uppi landamæravörslu er fengið úr ríkissjóði en einnig er Ísland aðili að Innri öryggisjóði ESB, þar sem hægt er að sækja um styrki til verkefna sem lúta að landamæramálum. Innri öryggisjóður (*Sjóðurinn um innra öryggi – Landamæri og vegabréfsáritanir*) er stærsta afsprengi samstöðukerfis ESB sem Ísland hagnast á og tekur þátt í. Sjóðurinn er starfræktur á tímabilinu 2014-2020 og var Íslandi upphaflega úthlutað 5.3 M€ en fékk til viðbótar úthlutað 1.2 M€ á miðju sjóðstímabili. Sjóðurinn er staðsettur í dómsmálaráðuneytinu og að áætlanagerð og forgangsröðun verkefna koma sérfræðingar í ráðuneytinu og undirstofnunum. Eftirlit með styrkveitingum úr sjóðnum er á höndum vöktunarnefndar sjóðsins. Undirritun samnings Íslands og Evrópusambandsins um fulla aðild Íslands að sjóðnum var ekki lokið fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2018. Það hefur orðið þess valdandi að fjárvstreymi úr sjóðunum í verkefni hefur verið takmarkað og í einhverjum tilvikum hamlandi. Styrkþegum hefur gengið erfiðlega að tryggja 25% mótfamlag við styrkveitingar úr sjóðum í verkefni. Til að gera styrkveitingar úr sjóðnum skilvirkari þarf að huga að mótfamlagi í verkefni eins og reglur sjóðsins gera kröfu til.

Áhersla Íslands á núverandi sjóðstímabili hefur verið á þróun og rekstur EUROSUR, að taka í notkun nýjustu tækni og búnað á landamærum, viðhald á núverandi upplýsingatæknikerfum og mæta þeim annmörkum sem koma fram í úttektum á Schengen samstarfinu. Fyrir liggur að Entry/Exit kerfið verði styrkt af sjóðnum, en til viðbótar við þá upphæð sem Ísland hefur þegar fengið úr sjóðnum er Íslandi úthlutað 6.4 M€ í Entry/Exit kerfið.

Landsáætlun um styrkveitingar úr Innri öryggisjóði liggur fyrir en hún er endurskoðuð með tilliti til ytri og innri þátta og tilmæla frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem byggja meðal annars á Schengen úttektum og veikleikamati Frontex.

Byrjað er að undirbúa nýtt sjóðstímabil, en nýr sjóður tekur til starfa 2021 og starfar til 2027.

### Stefnumiðaðar aðgerðir.

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                                                                                |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 35. | Þróa aðferðir í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál sem tryggir forgangsröðun verkefna og úthlutun á mótfamlagi ríkisins við úthlutun styrkveitinga úr Innri öryggisjóði. |



## 14. Þverfaglegir áherslubættir.

### 14.1 Grundvallarmannréttindi.

Markmiðið er að tryggja að störf löggæsluaðila við vörslu landamæranna byggi á því að virða grundvallarmannréttindi samhliða því að tryggja öryggi og uppfylla alþjóðaskuldbindingar. Áhersla er lögð á að þeir sem starfa við vörslu landamæranna starfi samkvæmt þessum markmiðum.

Íslenskt samfélag og stjórnskipan byggir á virðingu fyrir mannréttindum, frelsi einstaklingsins, trúfrelsi og jafnrétti. Vernd mannréttinda er tryggð í Stjórnarskrá Íslands og þá hefur Ísland einnig undirgengist skuldbindingar á því sviði í margvislegum alþjóðasáttmálum. Markmiðið við landamærastjórn er að tryggja örugg landamæri án þess að skerða mannréttindi og grundvallarfrelsi í lýðræðissamfélagi. Öryggi og virðing fyrir grundvallarmannréttindum eru ekki gagnstæð markmið heldur stefna þau þvert á móti bæði að sama marki.

Sérstök áhersla er lögð á að greina þá einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu og þá sem leggja fram beiðni um alþjóðlega vernd eða aetla má að séu í þörf fyrir slíka vernd. Í þeim tilvikum sem um er að ræða fylgdarlaus börn veita barnaverndaryfirvöld sveitarfélaganna aðstoð, t.d. með því að greina þarfir viðkomandi og veita aðstoð í samræmi við það. Fylgdarlaus börn eru viðkvæmur hópur sem gæta þarf sérstaklega að og því eru aðstæður þeirra skoðaðar sérstaklega í hverju máli fyrir sig. Unnið er að því bæta og efla samstarf stofnana og félagasamtaka á þessu sviði, m.a. til að bæta búsetu- og móttökuúrræði Útlendingastofnunar þannig að þau verði fullnægjandi fyrir börn ásamt því að koma á ákveðnara verklagi til að tryggja og skýra hlutverk hverrar stofnunar fyrir sig. Þá gegnir Mannréttindaskrifstofa Íslands eftirlitsskyldu í sameiginlegum aðgerðum hvað varðar brottvísanir og frávísanir á vegum Frontex, líkt og að framan greinir.

Í grunnámi í löggreglufræðum er m.a. lögð áhersla á persónufrelsi, fjölbreytileika, mannréttindi og siðferði. Einnig er lögð sérstök áhersla á menntun og þjálfun landamæravarða í málefnum sem varða sérstaklega mannréttindi og siðferði. Við innleiðingu á kjarnanámskrá í landsáætlun fyrir löggæsluaðila sem starfa við landamæravörsu verður lögð áhersla á mannréttindi. Tryggja þarf að menntun og þjálfun hlutaðeigandi aðila í grundvallar mannréttindum endurspeglist í landsáætlunum um menntun og þjálfun landamæravarða og þeirra sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna á þessum vettvangi.

Við framkvæmd landamæravörsu hafa löggæsluaðilar valdbeitingarheimildir sem leiða af lögum og reglum. Það getur reynst óhjákvæmilegt fyrir löggæsluyfirvöld að skerða frelsi einstaklings við framkvæmd landamæravörsu og því þarf að tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur og að fyrir hendi sé virkt eftirlit með því að heimildum sé ekki misbeitt.

Sérstök nefnd um eftirlit með löggreglu tók til starfa 1. janúar 2017 en nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd. Eitt af meginhlutverkum nefndarinnar er að taka við tilkynningum frá borgurum sem varða ætlaða refsiverða háttsemi starfsmanns löggreglu, starfsaðferðir löggreglu eða framkomu starfsmanns löggreglu. Nefndin kemur erindum í viðeigandi farveg, hvort heldur sem er hjá héraðssaksóknara/ríkissaksóknara, viðkomandi löggreglustjóra eða ríkislöggreglustjóra. Þessum embættum ber jafnframt að tilkynna nefndinni um kærur og kvartanir sem berast embættunum beint frá borgurum og tilkynna nefndinni um niðurstöðu mála þegar þær liggja fyrir. Með því verður tryggt að erindi borgarans verði tekið til viðeigandi skoðunar og meðferðar.

Þegar einstaklingur telur á sér brotið getur hann enn fremur leitað til umboðsmanns Alþingis sem hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkisins, þ. á m. að grundvallarmannréttindi séu virt.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                               |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 36. | Áhersla á að grundvallarmannréttindi endurspeglist í landsáætlun um menntun og þjálfun landamæravarða og annara hlutaðeigandi aðila. |

## **14.2 Menntun og þjálfun.**

Markmiðið í menntunar- og þjálfunarmálum löggreglunnar er að tryggja að lögreglan geti á hverjum tíma tekist á við mikilvægustu verkefni sín; að tryggja réttaröryggi borgaranna og grundvallrarhagsmuni ríkisins. Mikilvægt er að lögreglan hafi góða þekkingu á þeim kröfum og leggi sig fram í hvívetna við vandasöm störf. Menntun löggreglumanna er lykilþáttur í bættri löggæslu. Mikilvægt er að hún svari kalli tímans hverju sinni um almannaoryggi og sé sambærileg við menntun löggreglu í öðrum Evrópuríkjum.

Þegar kemur að málefnum landamæra eru fjölmargar stofnanir og aðilar sem bera ábyrgð á þeim málaflokkni en það er lögregla sem ber ábyrgð á og annast framkvæmd landamæraeftirlits, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri. Mikilvægt er að tryggja samhæfða framkvæmd allra þessara aðila með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum svo afgreiðsla og umferð um landamæri sé skilvirk, öryggi borgaranna sé sem best tryggt og um leið traust borgaranna á stjórnvöld. Til að ná því markmiði þurfa allir þeir aðilar sem hafa aðkomu að landamæravörslu að öðlast tilhlýðilega menntun og þjálfun.

Markmiðið er að taka með festu á menntunar- og þjálfunarmálum í landamæramálefnum en það var sá þáttur sem kom einna verst út í Schengen úttektum sem fram fóru á Íslandi 2017. Markmiðið er að setja upp landsáætlun um menntun og þjálfun löggreglumanna, landamæravarða og starfsmanna landhelgjsgæslunnar á sviði landamæramálefna. Landsáætlunin mun byggja á

starfsgreiningum þeirra starfa sem snúa að landamærvörslu og kjarnanámskrá Frontex (*Common Core Curriculum*) sem og þeim hæfnisviðmiðunum sem hún byggir á (*Sectoral Qualification Framework*)<sup>6</sup>. Einnig verður tekið mið af staðbundnum þáttum hér á landi auk þess sem hún mun byggja á þeim almennum kröfum sem leiða af Schengen samstarfinu og innlendri löggjöf.

Grunnám löggreglumanna fer fram í Háskólanum á Akureyri en starfsnám löggreglunema fer fram í mennta- og starfsþróunarsetri löggreglunnar (MSL). Áætlað er að menntasetrið muni hafa forgöngu um nýtt fyrirkomulag í menntunar- og þjálfunarmálum á þessu sviði en verkefnið verður unnið í nánu samstarfi við embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum, sem hefur reglulega haldið námskeið fyrir verðandi landamæraverði sem byggir að hluta til á kjarnanámskrá Frontex fyrir landamæraverði. Auk þess verður það gert í samstarfi við önnur löggregluembætti sem og Háskólann á Akureyri. Gert er ráð fyrir aðkomu Frontex við innleiðinguna en áætlað er að fengir verði sérfræðingar á vegum stofnunarinnar til ráðgjafar. Frontex er mikilvægur samstarfsaðili þegar kemur að þátttöku á námskeiðum sem stofnunin stendur fyrir.

Gert ráð fyrir því að taka í notkun nýjustu tækni við að miðla kennsluefni á gagnvirkum kennsluvef MSL. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni að notast við nýjustu tækni við uppbyggingu á miðlun kennsluefnis til íslenskra löggæslumanna þar sem afar fámennur hópur löggæslumanna starfar beint við landamæramálefni í dreifðum byggðum landsins.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                                                                                                                                                                                                             |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 37. | Tryggja innleiðingu á landsáætlun um menntun og þjálfun í landamæramálefnum sem tekur mið af kjarnanámskrá Frontex og þeim hæfnisviðmiðunum sem hún byggir á. Lögð verði áhersla á að innleiða nýjustu tækni við miðlun og kennslu til að mæta íslenskum aðstæðum. |

### **14.3 Rannsóknir og nýsköpun.**

Markmiðið með rannsóknum og nýsköpun er að taka þátt í þróun á nýjustu tækni við landamærastjórn, þá sérstaklega við landamæraeftirlit og landamæragæslu.

Þær umfangsmiklu breytingar sem eru fram undan með innleiðingu á nýrri tækni við landamærvörslu kalla á öflugt samstarf hagsmunaaðila. Liður í því er m.a. tilraunaverkefni Landhelgisgæslunnar og EMSA sem gengur út á það að prófa fjarstýrð flýgildi við eftirlitsstörf á hafsvæðinu við Ísland. Unnið er að því að

<sup>6</sup> <https://frontex.europa.eu/training/educational-standards/>

styrkja samstarf við Isavia sem er mikilvægur samstarfsaðili á þessum vettvangi. Auk þess er stefnt að markvissu samstarfi með hugbúnaðarfyrirtækjum á Íslandi sem og fyrirtækjum erlendis er varðar þróun á nýjustu tækni.

Embætti ríkislöggreglustjóra, löggreglustjórinn á Suðurnesjum og Isavia vinna að því að setja upp tilraunaverkefni með sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli í samstarfi við kanadískra fyrirtækið YVR. Tilgangurinn með verkefninu er að prófa sjálfsafgreiðslustöðvar við íslenskar aðstæður og þroa frekar sjálfvirknivæðingu við landamæraeftirlit í því skyni að undirbúa innleiðingu á inn- og útskráningarkerfi (EES).

Frontex og EMSA gegna m.a. mikilvægu hlutverki í því að leiða saman einkaaðila sem eru leiðandi í þróun á nýjustu tækni tengdri landamæravörslu og skapa þannig upplýsingavettvang sem er mikilvægt að fylgjast vel með og eftir atvikum takla þátt í. Þá hefur Ísland unnið náið með Noregi m.a. með þátttöku á vinnustofum við innleiðingu á nýjustu tækni við landamæravörslu.

#### **Stefnumiðaðar aðgerðir.**

| Nr. | Aðgerð                                                                         |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------|
| 38. | Byggja upp öflugt samstarf við hagsmunaaðila sem stuðlar að þróun og nýsköpun. |
| 39. | Prófa sjálfsafgreiðslustöðvar í samstarfi við leiðandi aðila á því sviði.      |
| 40. | Prófa fjarstýrð flýgildi í samstarfi við EMSA.                                 |

